



ÚTBOÐSSKILMÁLAR RÍKISBRÉFA

Útboð 5. júlí 2019

- Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisverðbréf í samræmi við fjárlög fyrir árið 2019 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um lánasýslu ríkisins með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 29. janúar 2019. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndum á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er föstudagur 5. júlí 2019. Greiðslu- og uppgjörsdagur er miðvikudagur 10. júlí 2019.*
- Í boði verður eftirfarandi flokkur ríkisbréfa:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi
RIKB 28 1115	IS0000028249	15.11.2028

Seðlabankinn áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta eða hafna þeim öllum. Útboðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu.
- Ríkisbréfin verða gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og er verðeiningin ein króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama.
- Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna. Boð skulu vera þannig að tilboðin hlaupi á heilum milljónum króna.
- Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir mun Seðlabankinn bjóða jafnvirði 10%, reiknað af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykkt tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 9. júlí. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er miðvikudagurinn 10. júlí 2019.
- Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10:30 og 11:00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
- Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Markaðsviðskipti og fjárstýringu Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11:00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.
- Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
- Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til NASDAQ á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
- Greiðsla fyrir ríkisbréf skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14:00 á greiðsludegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
- Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisbréfum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisbréfum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna skv. ríkisbréfum gilda ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.
- Ríkisbréf eru stimpilfrjáls skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekjuskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisbréf eru framtalsskyld.
- Ríkisbréfin verða skráð í NASDAQ á Íslandi og eru Arion Banki, Íslandsbanki, Kvika og Landsbankinn viðskiptavakar þeirra.